

258. fundur

Priðjudaginn 11. september 2013, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Björn Snæbjörnsson og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 257. fundar og dagskrá.

Fundargerð 257. fundar og dagskrá lögð fram – Samþykkt án athugasemda.

2. Verðlagsmódel mjólkuriðnaðarins – verðlagning.

Að vanda voru forsendur verðlagningar settar inn í módel er nefndin hefur notað við verðlagningu og voru útreikningar gerðir jafnóðum. Útreikningar byggðu á verðlagsgrundvelli kúabús og hækkunum á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur. Samkvæmt verðlagsgrundvelli kúabús var um að ræða 3,10% hækkun frá 1. júní 2012, en vinnslu- og dreifingarkostnaður hafði hækkað um 4,79%.

Samhljóða ákvörðun var tekin um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækki 1. október n.k. um 3,10%. Frá sama tíma hækkar afurðastöðvaverð til bænda um 2,49 kr. á lítra mjólkur, þ.e. úr 80,43 kr. í 82,92 kr., eða um 3,10%. Þá hækkaði vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur einnig um 2,85 kr.ltr. eða 3,10%. Samanlögð hækkun heildsöluverðs er því 5,34 kr. á hvern lítra mjólkur.

3. Önnur mál.

Lögð var fram yfirlýsing endurskoðanda Deloitte ehf um rekstur lögbundins Verðtilfærslusjóðs. Þar kemur fram að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum um rekstur sjóðsins, þ.á.m. árhlutareiknings per. 31.07.2013, áætlunum um rekstur næstu mánaða og að óbreyttri gjaldskrá sjóðsins sé gert ráð fyrir því að sjóðurinn verði búinn að vinna upp tap fyrri ára í lok apríl 2014 og eigið fé sjóðsins verði orðið jákvætt í lok þess mánaðar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín Sigfúsdóttir